MYNL1LL02

Búið til: *Wed, 19 Feb 2020 13:20:13 GMT*

Titill
Listamenn og listastefnur
Skammstöfun
MYNL1LL02
Útgáfunúmer
12
Námsgrein
myndlist
Viðfangsefni
Listamenn og listastefnur
Staða
Samþykkt af skóla
Þrep
1
Einingafjöldi
2
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla
Lýsing
Í áfanganum er megináhersla á myndlist, listamenn og listastefnur þar sem nemendur skoða eigin reynslu af listgreinunum og auka þekkingu sína á því hvað þær ganga út á. Skoðaðir eru mismunandi listamenn og listastefnur. Stefnt er að því að nemendur verði færir um að meta ólíka list á gagnrýninn og sjálfstæðan hátt, öðlist grunnkunnáttu til að lesa algeng tákn og merkingu út úr listaverkum og geti að einhverju leyti lagt mat á fagurfræðilegt gildi þeirra. Áhersla er lögð á að nemendur auki orðaforða sinn á sviði menningar og lista og geti tjáð skoðanir sínar og rökstutt.
Forkröfur
Þekkingarviðmið
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnþáttum listgreina
- Orðaforða til að geta tjáð sig um list, listamenn og listviðburði
- Vinnuumhverfi,vinnutækjum og áhöldum viðkomandi listgreinar
- Að setja listir í menningarlegt og sögulegt
- Mismunandi nálgun listamanna við listsköpun
- Helstu listamönnum sögunnar og helstu listastefnum
- Að miðla listsköpun með því að tjá sig um hana
- Að þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum

Leikniviðmið
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita skapandi hugsun
- Að skoða listaverk og fjalla um megininntak þeirra á skapandi hátt
- Að efla skilning sinn á listrænni vinnu, að upplifa, skynja og túlka það sem hann sér, upplifir
- Að taka þátt í samræðum um listgreinarnar, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra
- Að skoða ólíkar hugmyndir listamanna bak við listaverk og ræða um þær á skapandi hátt
- Að skoða hvar list er í umhverfinu og fjalla um það
- Að skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar og bregðast við viðmælendum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá skoðanir sínar og tilfinningar um list, listamenn og listviðburði
- Horfa á myndlist með opnum hug
- Vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk listsköpunar
- Þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- Meta eigið vinnuframlag

Námsmat

Skólar

Fyrirmynd